

landsyfirréttardómi 29. apríl 1889 verið dæmd í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir einfaldan þjófnað. Refsing sú, er hún nú hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum samkvæmt fyrnefndri grein hegningarlaganna 8 mánaða betrunarhúsvinna. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnaðinn samþykkjast einnig, og ber þannig að staðfesta téðan dóm að öllu leyti. Ákærða greiði og allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. — Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærða greiði og allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 18/1908:

Sveinbjörn Kristjánsson
gegn

hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps

D ó m u r:

Áfryjandinn Sveinbjörn snikkari Kristjánsson í Reykjavík höfðaði mál þetta ásamt skipuðum meðráða-

manni sínum fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn hreppsnefnd Seltjarnarness til þess að fá hana dæmda til að greiða sér 1892 kr. 54 a. ásamt vöxtum, en hann taldi sig eiga tilkall til upphæðar þessarar sem eftirstöðvar af kostnaði við byggingu á skóla- og fundarhúsi fyrir hreppinn, er hann hefði leyst af hendi fyrir hreppsnefndina; en með dómi nefnds réttar 25. jan. þ. á. var hreppsnefndin sýknuð af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða hreppsnefndinni 15 kr. í málskostnað og 15 kr. hinum skipaða talsmanni hennar. Dómi þessum hefir áfrýjandinn nú skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. apríl þ. á., og hefir þess verið krafist af hans hálfu, fyrst og fremst að hreppsnefndin verði dæmd til að greiða honum 1892 kr. 54 a., en til vara, að hún verði dæmd til að greiða honum þá upphæð, er óvillhallir dómkvaddir menn meta að barnaskólahúsið í Seltjarnarneshreppi hefði kostað að vinnu og efni að frádregnum 8800 kr., þó ekki meira en 1892 kr. 54 a., og auk þess, hvor heldur upphæðin sem dæmd yrði, 6/0 vöxtu frá sáttakærudegi. Svo hefir hann og krafist málskostnaðar fyrir báðum dómum, hvernig sem málið fer, eftir reikningi eða réttarins mati. Af hálfu hreppsnefndarinnar, sem hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málfutningsmann, hefir þess aftur á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málfutningsmanns hreppsnefndarinnar.

Það er með framlögðum kvittunum áfrýjanda sjálfs og öðrum skilríkjum fullsannað í málinu, þótt áfrýjandi

hafi ekki viljað við það kannast, hvorki fyrir undirrétti né yfirrétti, að áfryjandi tók að sér í maí 1906 með verksamningi (akkord) að byggja skóla- og fundarhús fyrir Seltjarnarneshrepp fyrir 8800 kr.; átti hann að byggja húsið ofan á grunn og leggja til alt efni og smíði og annað er til hússins þyrfti fyrir nefnda upphæð og afhenda húsið fullgert á tilteknum tíma. Þessum samningi fullnægði áfryjandi að sínu leyti og fekk þá greitt það, er eftir stóð af hinni umsömdu borgun, og auk þess 128 kr. fyrir ymislegt smávegis, er hann hafði int af hendi utan samnings. Viðurkendi áfryjandi skriflega hinn 3. nóvbr. 1906, er hann tók við greiðslu þessari, að þar með hefði hreppsnefndin fullnægt öllum þeim kröfum, er hann hefði á hendur henni fyrir byggingu hússins. Það getur því ekki verið um það að ræða, að áfryjandinn eigi neina kröfu á hendur hinni stefndu hreppsnefnd, er byggð verði á samningi þeirra í milli um byggingu greinds húss.

En áfryjandinn hefir til vara haldið því fram, að hann hafi verið ófullveðja, á 23. ári, er hann gerði téðan verksamning við þá, er stóðu fyrir húsbyggingunni, og þar sem meðráðamaður hafi eigi verið með honum við samningsgerðina, þá sé samningurinn ógildur og eigi því hreppsnefndin án tillits til samningsins að greiða sér kostnað þann allan, er hann hafi haft af húsbyggingunni, en hann hafi orðið 1892 kr. 54 a. meiri en upphæð sú, 8800 kr., er hreppsnefndin greiddi honum. Hann krefst því þessarar upphæðar, eða til vara þess er á vanti, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, til þess að hann hafi fengið kostnað við húsbygginguna endurgoldinn.

Það er nú að vísu rétt, að áfrýjandi var ófullveðja, er hann gerði umræddan verksamning og var samningurinn því ekki skuldbindandi fyrir hann, svo að honum yrði með lagaþvingun þröngvað til að fullnægja samningnum eða sæta ella ábyrgð fyrir samningsrof. En um það er ekki að ræða í máli þessu, að beita samningnum gegn áfrýjanda, heldur um hitt, hvort áfrýjandi, sem hefir fullnægt samningnum að öllu leyti af sinni hálfu og fengið hina umsömdu borgun fyrir, getur gert frekari kröfur til hreppsnefndarinnar um borgun fyrir verkið en samningurinn áskildi honum. En þetta yrði að byggjast á því, að fyrir fullnægging samningsins af hálfu áfrýjanda hafi hreppurinn borið úr bótum af fjármunum áfrýjanda það, er áfrýjandi var eigi bær að ráða yfir tilsjónarlaust. Áfrýjandi hefir, eins og áður er sagt, talið að kostnaðurinn við húsgerðina hafi orðið 1892 kr. 54 a. meiri en umsamið var og hreppsnefndin þegar hefir greitt, en í kostnaði þeim, er hann þannig telur, er fólgin vinna sjálfs hans og námssveina hans, sem hann var fullráði yfir að lögum, og enn fremur efniviður og annað til hússins, er nemur þúsundum króna, er hann segist hafa úttekið ófullveðja hjá kaupmönnum og ekki borgað enn. Þessarar upphæðar getur áfrýjandi hvernig sem á er litið ekki krafist af hinni stefndu hreppsnefnd og verður því að sýkna hana af kröfum áfrýjanda í þessu máli og staðfesta aukaréttardóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða málflytningu til talsmanns hreppsnefndarinnar fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr., og vottast það, að málsfærslan af hans hendi hefir verið óaðfínanleg. Það vottast og,

að því leyti sem málið hefir verið rekið með gjafvörn,
að meðferð þess í héraði hefir verið lögmæt þar.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málsfærslukaup fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Sveinbjörn Kristjánsson hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn hinn 7. septembermánaðar.

Nr. 24/1908.

Guðbrandur Magnússon

gegn

Árna Thorlacius.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Árni Thorlacius búfræðingur í Reykjavík, gegn áfrýjandanum, Guðbrandi Magnússyni, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til skaðabóta út af kúrkaupum, og var málinu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 2. apríl þ. á., á þá leið, að Guðbrandur Magnússon var dæmdur til að greiða Árna Thorlacius 140 kr., en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir Guðbrandur Magnússon skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri